

## 13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt falla úr gildi:

1. Ákvæði í 6. og 10. gr. laga nr. 73/1969 sem kveða á um ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda.
2. Lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.
3. Ákvæði um endurskoðun og endurskoðendur í eftirtöldum lögum:
  - Lög nr. 1/1938, 5. gr.
  - Lög nr. 35/1948, 6. gr.
  - Lög nr. 38/1951, 13. gr.
  - Lög nr. 23/1955, 13. gr.
  - Lög nr. 61/1966, 13. gr.
  - Lög nr. 43/1971, 8. gr.
  - Lög nr. 44/1976, 10. gr.
  - Lög nr. 51/1983, 7. gr.
  - Lög nr. 60/1984, 4. gr.
  - Lög nr. 64/1985, 21. gr.
  - Lög nr. 70/1985, 10. gr.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1986.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**  
(L. S.)

**Magnús Þ. Torfason.**

*Steingrímur Hermannsson.*

30. apríl 1986

Nr. 13

## L Ö G

**um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl.,  
nr. 3/1878, með síðari breytingum.**

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

### 1. gr.

90. gr. laganna orðist svo:

Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t.a.m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, og búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð eða við andlát annars aðilans, fer sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum sem leiðir af eðli þeirra. Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eftir fyrirmælum 8. kap. sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru.

Það telst óvígð sambúð skv. 1. mgr. ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða kona er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og skal þeim beitt við skipti á búum þeirra er slitið hafa sambúð og ekki hafa komið sér saman um eignaskipti, enda hafi þá ekki þegar verið höfðað mál fyrir almennum dómstóli vegna eignaskiptanna.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1986.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**

**Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 15/1962, nr. 31/1969, nr. 33/1979  
og nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.**

**HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

## 1. gr.

Við 1. gr. laga nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984 bætist ný mgr. svohljóðandi:

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir og skuldir sínar og öll réttindi sín og skyldur skv. þessum lögum vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1986.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Þorvaldur Garðar Kristjánsson.**

**Magnús Þ. Torfason.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*